

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Árnesinga.

1. gr.

Heiti félagsins er Veiðifélag Árnesinga en heimilt er að félagið starfi í deildum.

2. gr.

Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.

3. gr.

Félagsmenn eru skráðir eigendur/ábúendur jarða og eigendur landareigna sem veiðirétt eiga í eftirtöldum veiðiám:

Ölfusá:

Óseyarnes, Hraun 1 og 2, Hraunshjáleiga, Lágar, Hraunshóll, Flóagaf, Hallskot, Kald-
aðarnes, Lambastaðir, Kálfhagi, Arnarbæli, Auðsholt, Auðsholtshjáleiga, Ósgerði, Kirkju-
ferja, Kirkjuferjuhjáleiga, Litla-Sandvík, Stóra-Sandvík 1A, Stóra-Sandvík 1B, Stóra-Sandvík
1C, Stóra-Sandvík 2, Eyði-Sandvík, Geirakot, Nabbi, Stekkar, Kotferja, Björk, Pórustaðir,
Árbær 1, 2, 3, 4 og 5, Selfoss 1, 2 og 3, Hellir/Fossnes, Laugardælur, Laugarbakkar,
Tannastaðir.

Sog og Ásgarðslækur:

Alviðra/Öndverðarnes 2, Þrastaskógor, Öndverðarnesland, Norðurkotsland, Torfastaðir 1
og 2, Ásgarður, Bíldsfell, Tunga, Miðengi, Syðri-Brú, Búrfell 1, 2 og 3, Hæðarendi.

HöskulDSLækur:

Stóra-Borg, Foss, Mýrarkot, Hraun/Hraunkot, Landareign í Vaðnesi.

Hvítá, Fossá og Dalsá:

Suðurkot, Öndverðarnes, Stóra-Ármót, Snæfoksstaðir, Vaðnes, Langholt 1 og 2, Hallandi,
Stóru-Reykir, Litlu-Reykir, Arnarbæli 1 og 2, Kiðjaberg, Hestur, Brúnastaðir 1 og 2, Oddgeirs-
hólar 1, 2 og 3, Austurkot, Hjálmholt, Hjálmholt 2, Laugar, Árhraun, Gíslaðstaðir, Landareign í
landi Gíslaðar nefnd Bót, Miðbýli, Útverk, Fjall 1 og 2, Vatnsnes, Hamrar 1 og 2, Iða 1 og
2, Skálholt, Laugarás, Auðsholt 1, 2, 3, 4 og 5, Höfði, Bræðratunga 1 og 2, Hvítárbakki,
Ásakot 1 og 2, Lambhúskot, Galtalækur, Krókur, Bergsstaðir, Drumboddsstaðir 1 og 2,
Hrísholt, Einholt, Gýgjarhóll 1 og 2, Gýgjarholkskot, Brattholt, Jaðar 1 og 2, Tungufell, Foss,
Hlíð, Haukholt 1 og 2, Skipholt 1, 2 og 3, Skollagróf, Kópsvatn 1 og 2, Kotlaugar, Bryðjuholt,
Hvítárdalur, Ísabakki, Hvítárholt.

Brúará og Hagaós:

Sólheimar, Kringla 1 og 2, Bjarnastaðir 2, Þórisstaðir, Reykjanes, Mosfell, Sel 1 og 2,
Hagi 1 og 2, Spóastaðir, Miklaholt, Syðri-Reykir, Böðmóðsstaðir 1 og 2, Leynir, Efri-Reykir,
Efstdidalur 1 og 2.

Hólaá:

Ketilvellir, Miðdalur, Laugardalshólar, Útey 1 og 2, Austurey 1, 2 og 3.

Tungufljót neðan Faxa:

Hrosshagi, Torfastaðir, Vegatunga, Reykjavellir, Brautarhóll, Fell, Fellskot, Vatnsleysa 1, 2 og 3, Heiði, Borgarholt, Litla-Fljót og Litla-Fljót 2, Stóra-Fljótsland, Norðurbrúnarland.

Fullsell og Andalækur:

Tjörn, Brekka, Miðhús, Úthlíð 1 og 2, Hrauntún, Stekkholt, Austurhlíð, Hlíðartún, Dalsmynni.

Litla-Laxá:

Efra-Langholt, Ásatún, Langholtskot, Efra-Sel, Syðra-Sel, Hrafnkelsstaðir 1, 2 og 3, Gröf, Laxárlíð, Sunnuhlíð, Grafarbakki 1 og 2, Hverabakki, Reykjabakki, Hvammur 1 og 2, Högnastaðir, Ás, Skyggnir, Túnsberg, Reykjadalur, Hruni, Þverspryrna, Berghylur, Kluftir, Flúðir.

Stóra-Laxá:

Unnarholt, Unnarholtskot 1 og 2, Bjarg, Ósabakki 1 og 2, Syðra-Langholt 1, 2, 3 og 4, Birtingaholt 1, 2, 3 og 4, Eiríksbakki, Reykjahlíð, Reykir, Reykhóll, Sandlækur 1 og 2, Breiðanes, Sandlækjarkot, Skarð, Hæll 1, 2 og 3, Háholt, Ásbrekka, Hrepphólar, Ásgerði, Hólakot, Núpstún, Sóleyjarbakki, Hlíð 1 og 2, Sólheimar, Laxárdalur 1 og 2, Hörgsholt, Kaldbakur, Hrunakrókur, afréttur Flóa og Skeiða, afréttur Hrunamanna.

Ath. Nokkrar jarðir eiga einnig veiðirétt í öðrum veiðiám, en þeim sem þær eru taldar undir.

4. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskistofna og efla arðsemi veiðihlunninda á félagssvæðinu og ráðstafa veiði sem hér segir:

1. Leiga á stangveiði.
2. Heimila félagsmönnum veiði í fastar veiðivélar eða á stöng.

Ráðstafa mega þeir stangaveiði til annarra með þeim takmörkum, sem veiðitilhögun félagsfunda og lög segja. Óheimilt er að stunda neta- og stangaveiði samhliða á sama veiðisvæði fyrir landi viðkomandi jarðar eða landareignar. Féluginu ber einnig að vernda vistkerfi vatnafiska á félagssvæðinu og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða önnur starfsemi skaði lífríki þess.

Ef ráðstafa á veiði til annarra en félagsmannna á félagsfundi, þarf að geta þess í fundarboði. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

5. gr.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu nema aðalfundur eða annar fundur í féluginu, löglega boðaður, samþykki. Í samþykkt fundar skal tekið fram um veiðítíma og veiðitæki og samkvæmt þeim takmörkum sem lög og reglugerðir setja. Félagsmenn geta aðeins ráðstafað veiði til 1 árs í senn, nema lögmætur fundur samþykki og tekið sé fram í fundarboði að lengri leigutími verði til umræðu.

6. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð 7 mönnum, formanni og meðstjórnendum. Skal jafnan einn aðalstjórnarmaður vera fulltrúi frá eftirtoldum veiðiám: 1 frá Ölfusá, 1 frá Sogi, 1 frá Hvítá/Tungufljóti, 1 frá Stóru Laxá/Litlu Laxá, 1 frá Brúará, 2 óstaðbundnir. Stjórnin skal

kosin á aðalfundi til þriggja ára í senn. Stjórnarmenn skulu eiga aðild að félagini eða starfa í umboði þeirra, sem getið er í 3. gr. Stjórnarmenn ganga úr stjórninni þannig: Formaður eftir 1 ár, 3 meðstjórnendur eftir 2 ár, 3 eftir 3 ár og heldur svo sama röð áfram. Stjórnin skiptir með sér verkum. Enginn atkvæðisbær maður getur skorast undan kosningu, nema sérstök forföll hamli eða hann hafi verið í stjórn í 3 ár. Kjósa skal 3 varamenn til eins árs í senn. Kjósa skal 2 skoðunarmenn og einn skoðunarmann til vara ár hvert.

7. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Aðalfundur ákveður þóknun fyrir störf stjórnar. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárrreiðum.

8. gr.

Stjórnarmenn skulu víkja sæti við meðferð þeirra mála félagsins, sem snerta hagsmuni þeirra eða venslamanna þeirra sérstaklega umfram aðra félagsmenn. Þeir skulu haga störfum sínum þannig að jafnræðis sé gætt meðal félagsmanna. Stjórn félagsins skal ætíð gæta þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

Rísi ágreiningur um lögmæti ákvörðunar félagsstjórnar eða fundar í félagini, getur félagsmaður kært ákvörðun til Fiskistofu. Kærufrestur er þrír mánuðir frá því að ákvörðunin var tekin.

9. gr.

Fundi í félagini skal boða skriflega með dagskrá eigi síðar en 10 dögum fyrir fundardag. Skylt er að boða fund í félagini með ábyrgðarbréfi ef breyta á samþykktum félagsins eða ráðstafa veiði *til annarra en félagsmanna* á félagsfundi. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. Þó verður breyting á samþykkt eða arðskrá að hljóta samþykki 2/3 atkvæðisbærra félagsmanna. Nú verður breyting á samþykkt eða arðskrá ekki afgreidd vegna ófullnægjandi fundarsóknar og má þá boða til annars fundar. Á þeim fundi ræður afl atkvæða.

Nú er ráðgert að breyta samþykkt, arðskrá eða ráðstafa veiði *til annarra en félagsmanna* og skal þess getið í fundarboði. Nú fer atkvæðagreiðsla fram á fundi skv. fyrirmælum 7. mgr. 40. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og gildir þá ein eining í arðskrá hjá félagsmanni sem hefur atkvæðisrétt, sem eitt atkvæði, sbr. 1. mgr. sömu laga. Greiða má atkvæði skriflega enda sé þess getið í fundarbók.

Á félagsfundi skal leggja fram skrá yfir atkvæðisbæra félagsmenn. Umboð sem lögð eru fram á fundi skulu skráð í fundargerðabók.

10. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en 1. maí ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári ásamt fjárhagsáætlun félagsins fyrir komandi starfsár. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og ályktar fundurinn um þá. Aukafundi skal halda eftir þörfum eða ef $\frac{1}{4}$ félagsmanna æskir þess og tilgreinir fundarefnini.

11. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikninga í gerðabók, sem henni er skyld að halda svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá og fundargerðir.

Nr. 991

10. október 2008

12. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

13. gr.

Heimilt er að félagið starfi í deildum ef aðalfundur Veiðifélags Árnesinga samþykkir og þess sé getið í fundarboði að stofna eigi deild. Starfssvæði deilda skulu ákveðin á aðalfundi Veiðifélags Árnesinga á sama hátt. Verkefni deilda er að ráðstafa veiði og annast framkvæmdir á starfssvæðum sínum samkvæmt ákvörðun aðalfundar Veiðifélags Árnesinga um veiðifyrirkomulag ár hvert.

Stjórn deilda skal skipuð þrem mönnum, sem kosnr eru á aðalfundi í viðkomandi deild til þriggja ára í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandi eftir tvö ár og hinn eftir þrjú ár. Að öðru leyti gildir samþykkt Veiðifélags Árnesinga einnig fyrir deildir.

14. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum samkvæmt VIII. kafla laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

15. gr.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt 39. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi eldri samþykktir veiðifélagsins.

Fiskistofu, 10. október 2008.

Árni Ísaksson,
forstöðumaður lax- og silungsveiðisviðs.

B-deild – Útgáfud.: 30. október 2008